

John Stuart Mill. Um bók hans, “Kúgun kvenna.”

“Kúgun kvenna,” rit skrifað á ofanaverðri nítjándu öld á Englandi. Höfundur er enski heimspekingurinn, James Stuart Mill. Umsögn um bókina og samantekt:

Mill ritar af sjónarhóli menntaðs Breta af æðri stéttum, sem aldrei hefur þurft að dýfa hendi í kalt vatn. Hann skrifar á þeim tímum, þegar iðnbyltingin hefur fest sig í sessi og áður en félagsvísindi sem slík höfðu litið dagsins ljós. Á þessum tímum var löggjöf í Bretlandi konum óhagstæð með tilliti til beina afskipta af þjóðmálum. Faðirinn hafði lagalega forsjá barna hjóna. Karlinn skyldi vera húsbóndi á sínu heimili og bera ábyrgð gagnvart æðri máttarvöldum, hvort heldur af veraldlegum eða trúarlegum toga. Trúin og valdhafarnir buðu honum að tukta. Lög buðu, að hann skyldi þó ekki stunda barsmíðar með priki þykkara en næmi þumalfingri hans, þ.e. þumalfingurreglan (rule of the thumb).

Það vekur athygli, að konur virtust hafa tjáningarfrelsi í Bretlandi á nítjándu öld. Framan af öldinni hafa þær í Bretlandi ekki kveinkað sér undan hlutskipti sínu með öðrum hætti en karlmenn. Kvenhöfundar voru þá komnir fram á sjónarsviðið víða í Evrópu og höfðu sumir hverjir skrifað síðan á miðöldum. Kröfur um aukin réttindi og aukið frelsi til handa konum höfðu birst í Bretlandi á öldinni áður, þ.e. á átjándu öld. Sömu kröfur voru gerðar bæði í byltingu Norður-Ameríkumanna (1776) og frönsku byltingunni (1789). En var velt vöngum um, hvort karlar og konur væru mismunandi að andlegu atgervi.

Mill gerir því skóna, að karlar “hafi náð völdum yfir konum” og komist þannig á kúgunarbragðið. Hér er átt við alla karla, karla sem kyn. Kúgunin fólst í ógn um barsmíðar og heilapvott. Hann færir í sjálfu sér hvorki rök fyrir þessari staðhæfingu né setur hana í fræðilegt samhengi. Þó hafði sést vísir að mannfræði (social anthropology, ethnography, ethnology) og þróunarfræði (Charles Darwin). Líta ber á þessar staðhæfingar með hliðsjón af öðru heimspekilegu hugtaki (sbr. m.a. Thomas Hobbes, Jean-Jacque Rousseau) um hið svonefnda náttúruástand. Það hugtak geymir hugmyndina um látlausar óeirðir og hjaðningavíg manna (væntanlega karla bæði og kvenna), nema þeir komi sér saman um samvistarsáttmála (social contract, contrat social). Séu hugmyndir þessar skoðaðar í ljósi þróunarfræða og félagssálfræða, er engin ástæða til að ætla, að slíkt ástand hafi verið til nokkru sinni. Hinir fyrstu menn hafa vafalítið tekið við þeirri félagslegu skipan mála, sem ríkti í flokki formæðra og forfeðra, sem væntanlega voru apar, sem bjuggu við þroskað félagsskipulag, m.a. með tiltölulega skýrri skipan hlutverka og valds. Eitt karldýr ríkti yfir hópnum. Skylda þess var að verja kvendýr og mæður afkvæma hans. Jafnframt hafi hann einkarétt til kynlífs með þeim. En ítrekaðar vettvangsskoðanir hafa sýnt fram á, að kvendýrin tóku fram hjá, þegar svo bar undir, völdu sjálf maka sína. Karlapinn átti sífellt í vök að verjast gegn yngri karldýrum innan hópsins, karldýrum utan hans og öðrum óvinum í umhverfinu. Hann fórnaði sér fyrir öryggi kvendýra og afkvæma, þegar þannig stóð á. Þetta fyrirbæri er þekkt frá mörgum dýrategundum. Kvendýrin önnuðust uppeldi að miklu leyti. Það gerðu einnig eldri systkini. Hlutur systkina í uppeldi var stór. Fyrirbærið er þekkt hjá manningum í mörgum tegunda samfélaga. Menning hópsins, þ.e. táknerfi, siðir og reglur, “erfðist” því í gengnum mæðurnar að miklu leyti.

Þrátt fyrir, að konur séu kúgaðar, að dómi Mills, er þeim greinilega ekki alls varnað.

Þær hafa bæði bein og óbein völd. Konur geta hefnt sín með ýmsu móti. “Starfsöm og þrekmikil” kona leitar valda, hún leitar ráða yfir öðrum. Hún mun væntanlega beina spjótum sínum að eiginmanninum og börnunum eða öðru heimilisfólki. Á heimilinu er þrátt fyrir allt hennar meginvettvangur.

Mill greinir karla og konur í nokkra flokka. Konur sundurgreinast fyrst í konur, sem eru starfssamar og þrekmiklar og þær, sem það eru ekki. Því næst kemur flokkurinn “uppstökkar og einþykkar konur.” Þær eru líklegar til að beita valdi sínu með varhugaverðum hætti. Þær gerast harðstjórar og kúgarar karla. Aðalvopn þeirra er “rifrildið” eða “húskrossvaldboð mislyndisins.” En því beita ekki “blíðlyndar konur” annars vegar og “sómakærar konur” hins vegar.

Þær síðastnefndu beita “bænastaðnum.” Fyrir bænastaðinn samlagast karlar, sem ekki eru of einþykkir, konum sínum, gera óskir þeirra að sínum. Karlgerðunum fjölgar nú í meðförum Mills. Karlar eru ýmist kúgarar eða kúgaðir, einþykkir eða opnir. Stundum hafa áhrif kvenna slæmar afleiðingar fyrir karla þeirra, þar eð þær bera oft og tíðum lítið skynbragð á það, sem karlar fást við, þ.e. málefni utan heimilanna.

Málflutningur Mills verður æ blæbrigðaríkari. Nú er nefnt til sögu enn eitt afbrigði kvenna, “hælhaldarinn.” Slíkur haldari hvetur ekki mann sinn til dáða heldur njörvar hann niður á vettvangi heimilisins í “miðlungspaufi,” sem viðbúið er, að hann hljóti vanþroska af. Aukin heldur er þetta fyrirkomulag óhappasælt fyrir almennar dyggðir. Kúgun kvenna er dýru verði keypt.

Eitt afbrigða karlharðstjórans er karldjöfullinn, sem getur villt á sér heimildir með “gljáskán” menntunar, og þvingar konuna til “að inna af hendi dýrslegt ætluarverk móti vilja sínum.”:

Karlar hafa samkvæmt Mill frábærlega góða eiginleika fyrir tilstuðlan mæðra í uppeldinu og kvenna yfirleitt, eins og fórnarlund, háttþrýði og hugþrýði. Körlum er það í blóð borið að sækjast eftir hylli kvenna. Mesta möguleika hafa þeir, er hafa sannað sig meðal kynbræðra sinna. Konur óska verndar. Þær umbuna verndurum sínum með eftirlæti.

Mill bregður smám saman birtu á æ fleiri blæbrigði karlkúgarans. Ást hans til afkvæmanna dregur úr ofríkstilhneigingum gagnvart eiginkonunni, móður barnanna. Meira að segja er ástin til dætranna yfirsterkari hollustu við eigið kyn.

Á tímum iðnbyltingarinnar breyttust lífshættir skjótt í okkar heimshluta. Karlmenn sóttu vinnu utan heimilis í miklum mæli, nema þeir, er stunduðu búskap. Í samfélögum, er einkenndust af akuryrkju og veiðum tóku feður við uppeldi drengja að miklu leyti eftir u.þ.b. sjö ára aldur til að kenna þeim hlutverk karla. Á dögum Mills báru mæður yfirleitt hitann og þungann af uppeldi beggja kynja. Mill spyr sig aldrei gagngert um ábyrgð mæðra á því uppeldi sonanna, sem að hans dómi umbreytast í kúgara þeirra, þegar þeim vex fiskur um hrygg. Þess má einnig geta, að skólun var miklu minni í þá daga, nema fyrir æðri stéttir, og áhrif fjölmiðla miklu minni en í dag. Það vekur athygli, að í ensku samfélagi á níjtjándu öld – samkvæmt Mill – er lögð áhersla á móðurvaldið. Drengir – skyldi þá fýsa til að kúga kvenkynið – komast ekki upp með neinn móðreyk. Þeir skulu hlýða móður sinni engu síður en stúlkurnar. Ei heldur er þeim leyft að gera sér dælt við systur sínar. Þeim er jafnvel hampað

sérstaklega.

Mill telur eiginkonu þræl eiginmannsins. Svo er að skilja, að konur utan hjónabands séu ekki þrælar. En þetta á við á grundvelli laga. En karlar geta verið veglyndir. Hjónaband “margra” og “meirihluti” hjónabanda betri stétta, er farsæll. Hjónum finnst þeir vera jafningjar, enda þótt lögin segi annað. Svo virðist sem Mill telji, að báðir aðiljar beri ábyrgð á farsæld hjónabandsins. Allavega er að hans dómi kýrskýrt, að báðir foreldrar beri ábyrgð á því að setja barn í heiminn, ala fyrir því önn og mennta það. Ennfremur leggur hann áherslu á, að barn sé ekki eign foreldra sinna.

Vald mæðra skiptir sköpum fyrir þróun menningarinnar. Mæður móta skapgerð barna sinna og ýta undir löngun ungra sveina til að vinna hylli meyjanna. Þá umhyggju sem með þarf, getur einungis móðir veitt.

Það er misjafn sauður í mörgu fé. Það á einnig við um mæður og konur. “Manngerðarósiðsemi” og “skaðlegt óhóf” í mannlífinu er rakið er til þess, að konur láta á sér bera og fegra sig eftir megni. (Ekki er í sjálfu sér ljóst, hvort orð Mills eigi einungis við um konur eða hvort bæði kyn eigi þátt. En allavega virðist fegrunarþörf kvenna af kúgun þeirra.)

Mill lætur oftast en einu sinni að því liggja, segir nánast með berum orðum, að velji kona að giftast velji hún sér hlutverk sambærilegt við lifsiðn karlmannsins. Fyrir tíma Mills þótti það ekki tiltökumál, að konur gegndu hlutverki stríðsmanna ellegar stjórnmalamanna. En á nítjándu öldinni í Bretlandi tíðkaðist það ekki. Konur einbeittu sér að heimilinu, en voru engu að síður vel metnar sem ráðgjafar karla, sem veittu þeim mikilvægan innblástur í stjórnmalum og fræðum. En heimilið takmarkaði engu að síður sjóndeildarhring kvenna.

Konur áttu kost á starfi á nítjándu öldinni í Bretlandi, þ.e. öðru en sem heimilistjórnandi og húsmóðir. Sumar konur hafa greinilega ekki haft áhuga á slíkum hlutverkum. En svo getur Mill annars hóps kvenna, sem lætur til sín taka í samfélaginu, vill láta gott af sér leiða, velgjörðakonurnar. En sá ásetningur snýst upp í andstöðu sína að dómi hans.

Ekki ber á öðru, að breskar konur á nítjándu öld – sumar hverjar – séu ánægðar með kúgunarhlutskipti sitt. En Mill dregur réttmæti þessa í efa. Hann segir: Það er greinilega ekki einungis sjálfsfegrunarþörf kvenna, sem er afleiðing kúgunar karla á konum. Umtal kvenna um kynsysturnar er það einnig. Með umtali sínu smjæðra þær fyrir körlunum.

Eiginkonur bera körlum sínum illa söguna, þegar þær sitja á spjalli við þjáningasystur sínar. En einhverra hluta vegna – telur Mill – að konur þurfi leiðsögn og harðfylgi karla til að losa undan oki þeirra. Mill ítrekar lymsku karlanna við undirokun kvennanna. Þeir vilja dást að þeim sem væru gyðjur. Og allra helst eiga þær að gerast ambáttir þeirra af fúsum og frjálsum vilja.